



155. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn fimmtudaginn 4. desember 2008 kl. 16:15 í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Friðrik Einarsson, Jón Gestur Viggósson 1. varamaður, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Forföll boðuðu, Gunnar Bragason gjaldkeri, Krístrún Heimisdóttir ritari, Helga H. Magnúsdóttir, og Oddný Árnadóttir 2. varamaður.

1. Fjármálaráðstefna

Farið yfir fjármálaráðstefnu ÍSÍ sem haldin var 28. nóvember sl. Ráðstefnan gekk vel og var mæting góð. Lögð var fram skýrsla vinnuhóps um áhrif efnahagsástandsins á íþróttahreyfinguna í landinu. Skýrslan var einnig send til sveitarfélaga, alþingismanna og fjölmiðla. Vinnuhópurinn mun halda áfram störfum og skoða málin nánar.

ÍSÍ hefur þrýst á sveitarfélög um að standa vörð um barna- og unglingsstarf íþróttafélaga.

Rætt um slaka mætingu ráðamanna á ráðstefnunna og ástæður.

Umræður urðu einnig um boðanir á viðburði á vegum ÍSÍ, nýjar leiðir og fyrirvara.

2. Formannafundur

Farið yfir Formannafund ÍSÍ sem haldinn var 28. nóvember sl. Fundurinn heppnaðist vel, mæting var góð og góðar umræður sköpuðust. Á fundinum kom fram áskorun á framkvæmdastjórn ÍSÍ að mótmæla uppsögnum RÚV á íþróttafréttamönnum.

Samþykkt að senda eftirfarandi áskorun til stjórnar RÚV ohf.:

Framkvæmdastjórn ÍSÍ skorar á stjórn RÚV að sjá til þess að umfjöllun og fréttlaflutningur af íþróttum skerðist ekki, enda er umfjöllun um íþróttir lögbundin skylda RÚV. Í gegnum árin hefur RÚV sinnt umfjöllun um íþróttir af miklum metnaði og hefur mikilvægu hlutverki að gegna við að miðla fréttum af íþróttaviðburðum, innlendum sem erlendum. Sú ráðstöfun að segja upp fjórum af sjö íþróttafréttamönnum ber ekki vott um að ætlunin sé að halda áfram á þeirri braut. Telur framkvæmdastjórn ÍSÍ að með þeim aðgerðum og aðgerðum fyrr á þessu ári sé vegið að íþróttahreyfingunni í landinu.

3. Fundur með fjárlaganefnd

Varaforseti skýrði frá fundi varaforseta, gjaldkera og framkvæmdastjóra með fjárlaganefnd Alþingis. Mikil óvissa er um fjármagn frá ríkinu.

ÍSÍ lagði á það áherslu við nefndina að afar nauðsynlegt væri að rekstrarframlag til ÍSÍ yrði ekki skert. Á árinu 2009 eru þrjú alþjóðleg verkefni, þ.e. Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar – sumar og vetrarleikar – svo og Smáþjóðaleikar.

Kostnaður mun aukast í afreksstarfinu þar sem íþróttafólkið stundar mikið æfingar og keppni erlendis og staða krónunnar er mjög veik.

Fram kom á fundinum að góður stuðningur væri við erindi ÍSÍ, niðurskurður væri óumflýjanlegur en reynt yrði að koma til móts við sambandið.

4. Skólaíþróttanefnd

Helga Steinunn lagði fram skýrslu um starf Skólaíþróttanefndar ÍSÍ 2002-2008 og tillögu um að nefndin verði lögð niður í þeirri mynd sem hún er nú og starf hennar og hlutverk

fært yfir á Fræðslusvið ÍSÍ. Einn úr stjórn sviðsins verði tengiliður við norrænu skólaþróttanefndirnar.

Lagt til að fresta ákvörðun til næsta fundar svo að stjórnin geti kynnt sér málið betur. Skrifstofa sendir skýrsluna til fundarmanna með tölvupósti.

5. Heiðursveitingar

Samþykkt að veita **Adolf Óskarssyni**, íþróttافرómuði úr Vestmannaeyjum, Heiðurskross ÍSÍ. Forseti ÍSÍ mun afhenda Adolf Heiðurskrossinn í áttæðisafmæli hans.

Samþykkt að veita **Nikolay Mateev**, framkvæmdastjóra Skyldingasambands Íslands, Silfurmerki ÍSÍ fyrir frumkvöðlastarf í skyldingum og dansi.

6. Íþróttamaður ársins

Sameiginlegt hóf ÍSÍ og Samtaka íþróttافرéttamanna verður haldið 2. janúar á Grand Hótel Reykjavík og hefst kl. 18:00. Útsending frá hófinu verður í höndum RÚV.

7. Fyrirmyndarfélög

Eftirtalin félög samþykkt sem Fyrirmyndarfélög ÍSÍ:

Hestamannafélagið Hörður.

Golfklúbbur Vestmannaeyja.

Þá voru endurnýjaðar viðurkenningar til eftirtalinnna félaga:

Skyldingafélag Reykjavíkur

Knattspyrnudeild, handknattleiksdeild og blakdeild HK

8. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

154. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráð 17. fundur
- Fræðslusvið ÍSÍ frá 27.11.2008
3. fundur Kvinnahlaupsnefndar frá 24.11.2008
- SÍÓ frá 27.11. 2008
- Aðalfundur EOC
7. og 8. fundur vinnuhóps um skráningarmál íþróttahreyfingarinnar frá 3.12.2008 – fundargerðir lagðar fram á fundinum.

Ath. fundarmönnum gefinn kostur á að gera athugasemdir við þessar fundargerðir á næsta fundi. Skrifstofa sendir fundargerðirnar með tölvupósti til fundarmanna.

9. Fundir og þing

Samþykkt að Íþróttáþing ÍSÍ yrði haldið dagana 17. og 18. apríl 2009.

10. Önnur mál

-Afreksíþróttabrautir.

Friðrik Einarsson greindi frá störfum nefndar menntamálaráðuneytisins um afreksíþróttabrautir en hann og Bjarni Jóhannsson eru fulltrúar ÍSÍ í þeirri nefnd.

Nefndin hefur fundað nokkrum sinnum. Þegar er búið að breyta lögum um framhaldsskóla þannig að nánast allt vald er í höndum skólameistara. Skólameistarar á Íslandi hafa meira vald til mótunar á skólastarfinu en þekkist í Skandinavíu. Brautarkerfi er að hverfa. Þetta getur haft það í för með sér að almennir íþróttatímar í framhaldsskólum gætu verið í hættu og við þurfum að vera vakandi fyrir slíku. Friðrik lagði fram drög að greinargerð nefndarinnar og sínar athugasemdir. Hugmynd Friðriks er að ÍSÍ verði nokkurs konar vottunaraðili á þær íþróttalegu kröfur sem gerðar eru til afreksíþróttasviða í framhaldsskólum.

- **Verkefni**

Friðrik Einarsson greindi frá hugmynd sinni að samvinnu við Háskólann í Reykjavík um stefnu í markaðsmálum íþróttahreyfingarinnar.
Vísað til forseta og framkvæmdastjóra til skoðunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir fundarritari